

# Hafrannsóknir nr. 173

## Þorskeldiskvótaverkefnið 2013

Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir föngun og áframeldi þorsks  
á árinu 2012

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, ofl.

Reykjavík 2014

---

<b>ÁGRIP</b> .....	<b>3</b>
<b>ABSTRACT</b> .....	<b>3</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>5</b>
1.1 ÞORSKELDISKVÓTAVERKEFNIÐ .....	5
1.2 SKIL Á GREINARGERÐUM OG ÚTHLUTUN AFLAHEIMILDA .....	5
1.3 ÚTHLUTUN OG INNKÖLLUN AFLAHEIMILDA .....	6
1.4 ÁHERSLUR OG AFMÖRKUN VERKEFNA .....	6
<b>2.0 FÖNGUN</b> .....	<b>6</b>
2.1 FANGAÐ MAGN.....	6
2.2 FJÖLDI BÁTA OG AFLI Á BÁT.....	6
2.3 FÖNGUNARTÍMI OG SVÆÐI .....	7
<b>3. ELDI</b> .....	<b>7</b>
3.1 ÞORSKELDISSTÖÐVAR OG TJÓN Á BÚNAÐI .....	7
3.2 FÓÐUR OG FÓÐRUN .....	7
3.3 VÖXTUR .....	8
3.4 AFFÖLL, SLYSASLEPPINGAR OG SJÚKDÓMAR.....	8
<b>4. REKSTUR OG MARKAÐSSETNING</b> .....	<b>9</b>
4.1 FRAMLEIÐSLUTÖLUR.....	9
4.2 LÍFFRÆÐILEGAR LYKILTÖLUR .....	10
4.3 REKSTRARKOSTNAÐUR .....	10
4.4 AFURÐAVERÐ OG MARKAÐSSETNING.....	11
<b>5. HEIMILDIR</b> .....	<b>12</b>

---

## Ágrip

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli J. Kristjánsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson & Ólafur Helgi Haraldsson 2014. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir föngun og áframeldi þorsks á árinu 2012. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* nr. 173.

Þessi skýrsla gefur yfirlit yfir starfsemi fyrirtækja með áframeldi á þorski á árinu 2012, ásamt samantekt af föngun og eldi þorsks árin 2002-2012. Í mars 2012 sóttu 8 aðilar um úthlutun aflaheimilda til þorskeldis fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 og fengu sjö þeirra úthlutun, samtals 500 tonn.

Á árinu 2012 var slátrað um 590 tonnum af þorski úr áframeldi sem var svipað magn og á árinu 2011 en þá var slátrað um 580 tonnum. Gerður er greinarmunur á slátruðu magni og framleiðslu. Með framleiðslu er átt við lífþungaaukningu í eldinu. Á árinu 2012 var framleiðslan áætluð um 200 tonn en var um 175 tonn árið 2011. Á árinu 2012 voru fönguð um 280 tonn af þorski til áframeldis sem var minnkun frá árinu 2011 en þá nam aflinn 365 tonnum. Mest var fangað í botnvörpu (rækjvörpu) um 220 tonn, um 45 tonn í leiðigildru og um 15 tonn í dragnót. Alls stunduðu 8 bátar föngun á þorski.

Á árinu 2012 var áframeldi á þorski stundað á 6 stöðum við landið. Heildareldisrými stöðvanna var um 77.000 rúmmetrar. Heildarfóðurnotkun á árinu var um 900 tonn, af því var 55% makrill, 20% síld og 17% loðna. Líffræðilegur fôðurstuðull lækkaði úr um 5,7 árið 2011 og niður í 4,4 árið 2012. Að meðaltali var fôðurstuðullinn 5,1 fyrir árin 2004-2012. Á árinu 2012 var dagvöxtur á ómerktum 1,5-3 kg þorski sem fangaður var sama ár um 0,35%. Á árinu 2012 voru skráningar almennt ekki nægilega nákvæmar til að hægt væri að meta afföll á fiski. Það varð ekki vart við sjúkdóm í þorski og engir fiskar sluppu úr kvíum.

Á árinu 2012 var föngunarkostnaður um 160 kr/kg og fôðurkostnaður um 265 kr/kg, en vegið meðaltal árána 2003 – 2012 var 172 kr/kg fyrir föngun og 285 kr/kg fyrir fôður m.v. hvert framleitt kíló á verðlagi ársins 2012. Óslægð meðalþyngd sláturfisks hefur lækkað úr 5,0 kg árið 2004 í 3,7 kg árið 2012. Á verðlagi ársins 2012 hefur verð á óslægðum áframeldisþorski hækkað úr 255 kr/kg árið 2005 í 380 kr/kg árið 2012.

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli J. Kristjánsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson & Ólafur Helgi Haraldsson 2014. Cod quota for on-growing: results for the year 2012. Marine Research in Iceland 173

## Abstract

This report shows the results for the on-growing trials with cod in Iceland for the year 2012 and summarizes the results for the years 2002-2012. For the fishing year 2012/2013, 500 tons cod quota was allocated to 7 fish farms.

In the year 2012 total amount of slaughtered cod was around 590 tons. Estimated production of wild farmed cod was 200 tons in the year 2012 and increased from 175 tons in 2011. The fish farmers caught 280 tons of cod for on-growing in the year 2012, decreasing from 365 tons in 2011. About 220 tons were caught with a trawl, 45 tons in a Newfoundland trap and 15 tons with a Danish seine. A total of 8 vessels captured cod for on-growing in 2012.

In the year 2012 on-growing of wild cod took place in 6 locations in Iceland with total cage volume of around 77,000 m<sup>3</sup>. The cod were mainly fed with frozen mackerel (55%), herring (20%) and capelin (17%) and the total amount of feed was about 900 tons. The estimated average feed conversion factor was 4.4 in the year 2012 decreasing from 5.7 in the year 2011. The average feed conversion factor in 2004-2012 was 5.1. Average daily growth rate of untagged wild farmed cod (1.5-3 kg) in the year 2012 for year-class 2012 was 0.35. In 2012, the recordings of numbers of fish were generally not sufficiently detailed to make it possible to estimate mortality of fish. There were no diseases identified in fish and no fish escaped from the cages.

In 2012 cost of capture was 160 ISK/kg and feed cost 265 ISK/kg. Weighted means in the years 2003-2012 were 172 ISK/kg for cost of capture and 285 ISK/kg for cost of feed at the price level of 2012. Average slaughtering size of wild farmed cod decreased from 5.0 kg in the year 2004 to 3.7 kg in the year 2012. The price of un-gutted wild farmed cod to cod farmers increased from 255 ISK/kg in the year 2005 to 380 ISK/kg in 2012 at the price level of 2012.



## 1. INNGANGUR

### 1.1 Þorskeldiskvótaverkefnið

Þann 15. maí 2002 voru samþykktar breytingar á lögum nr. 38/1990 um stjórnun fiskveiða þar sem fram kemur að sjávarútvegsráðherra hefur til sérstakrar ráðstöfunar aflaheimildir sem nema 500 lestum af óslægðum þorski á fiskveiðiárinum 2001/2002 til og með 2005/2006. Alþingi hefur nú samþykkt að framlengja heimild sjávarútvegsráðherra á árlegri 500 tonna úthlutun aflaheimilda tvisvar sinnum eða til og með fiskveiðiárinu 2014/2015 (Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 með síðari breytingum). Þessum aflaheimildum skal ráðstafað til tilrauna með áframeldi á þorski í samráði við Hafrannsóknastofnun sem fylgist með tilrauninum og birtir niðurstöður um gang þeirra. Markmiðið með vinnu Hafrannsóknastofnunar er að:

- Samræma söfnun og úrvinnslu gagna aðila sem fengu úthlutað þorskeldiskvóta.
- Gefa árlega út skýrslu til að tryggja að sú þekking sem hefur aflast varðveitist.
- Stuðla að þekkingarmiðlun á milli þorskeldisfyrirtækja.
- Fá fram tillögur um mikilvæg rannsókn- og þróunarverkefni.

Nánar er kveðið á um framkvæmd í reglugerð nr. 736/2009 um úthlutun aflaheimilda á þorski vegna tilrauna við föngun fisks til áframeldis og framkvæmd þess. Gefin hefur verið út handbókin „Þorskeldiskvóti: Handbók um skýrslugerð aðila sem fá úthlutað aflaheimildum til áframeldis á þorski“ sem endurnýjuð var á árinu 2009 (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2009c). Í þessari handbók eru teknar saman leiðbeiningar um hvernig standa eigi að mælingum, skráningum, úrvinnslu og birtingu á niðurstöðum.

Á hverju ári er haldinn fundur með verkefnistjórum þorskeldisfyrirtækja sem fengið hafa úthlutun á þorskeldiskvóta. Á árinu 2012 var haldinn fundur á Hafrannsóknastofnun í Reykjavík þann 11. október og mættu fulltrúar frá öllum fyrirtækjum sem voru með áframeldi á þorski. Þar var rætt um málefni fyrirtækja sem stunda föngun og áframeldi á þorski. Nokkur erindi voru haldin m.a. um föngun á þorski og einnig rannsókn- og þróunarstarf Norðmanna í áframeldi á þorski. Í tengslum við þorskeldis-

kvótafundinn var haldin ráðstefna í sjókvíaelis-tækni í Húsi atvinnuveganna þann 12. október. Á ráðstefnuna mættu 50 manns, fulltrúar frá sjókvíaelisfyrirtækjum og fyrirtækjum sem þjónusta greinina. Haldin voru 16 erindi er snúa að tækni og rekstri sjókvíaelisstöðva.



Mynd 1.1. Þátttakendur á þorskeldiskvótafundum, 11. október 2012 á Hafrannsóknastofnun í Reykjavík (Ljósmynd: Valdimar Ingi Gunnarsson).

Figure 1.1. Meeting of cod farmers in October 11 2012 at Marine Research Institute in Reykjavik (Photo: Valdimar Ingi Gunnarsson).

### 1.2 Skil á greinargerðum og úthlutun aflaheimilda

Átta þorskeldisfyrirtæki fengu úthlutað þorskeldiskvóta á fiskveiðiárinu 2011/2012 og sex þeirra skiluðu greinargerðum um framgang við föngun og áframeldi á þorski á árinu 2012 (tafla 1.1). Sérfræðingar á Hafrannsóknastofnun hafa unnið þessa samantekt í samvinnu við verkefnisstjóra einstakra þorskeldisfyrirtækja. Í skýrslunni er að finna frekari úrvinnslu, samanburð á milli fyrirtækja, ásamt ítarlegri túlkun gagna.

Tafla 1.1. Þorskeldisfyrirtæki og verkefnisstjórar sem skiluðu greinargerð um framgang föngunar og áframeldis á þorski á árinu 2012.

Table 1.1. The cod farms and project leaders returning reports to the Marine Research Institute for the year 2012.

Fyrirtæki	Verkefnisstjóri
Einherji ehf.	Ólafur Helgi Haraldsson
Fiskeldisstöð GJK	Gísli Jón Kristjánsson
Glaður ehf.	Ketill Eliasson
Sjávareldi ehf.	Hallgrímur Kjartansson
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.	Kristján G. Jóakimsson
Þorskeldi ehf.	Elís Hlynur Grétarsson

### 1.3 Úthlutun og innköllun aflaheimilda

Á árinu 2012 sóttu átta aðilar um úthlutun aflaheimilda til þorskeldis fyrir fiskveiðiárið 2012/2013 og fengu sjö þeirra, samtals 500 tonn (tafla 1.2). Samtals úthlutaðar aflaheimildir á árinu 2013 voru um 522 tonn með því sem nýtt var úr innköllunarpotti (tafla 1.2).

Tafla 1.2. Úthlutun aflaheimilda til þorskeldisfyrirtækja fiskveiðiárið 2012/2013 og endurúthlutun á árinu 2012 í kg.

Table 1.2. Summary of allocation of cod quota for on-growing by farms in the fishing year 2012/2013 and additional allocation in 2012 in kg.

Fyrirtæki	Úthlutun fiskveiðiárið 2012/2013	Endur-úthlutun	Samtals
Einherji	15.000		15.000
BA 337	10.000		10.000
Fiskeldisstöð GJK	110.000		110.000
Glaður	35.000		35.000
Sjávareldi	125.000		125.000
HG	125.000	22.365	147.365
Þorskeldi	80.000		80.000
	<b>500.000</b>	<b>51.906</b>	<b>522.365</b>

### 1.4 Áherslur og afmörkun verkefna


Frá því að þorskeldiskvótaverkefnið hófst hafa árlega verið gefnar út skýrslur á vegum Hafrannsóknastofnunar sem gefa yfirlit yfir starfsemi þorskeldisfyrirtækja sem taka þátt í verkefninu (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2003, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009a, 2010a, 2011, 2012a, 2013a). Nú hafa verið skrifaðar ellefu skýrslur sem gefa yfirlit yfir füngun og áframeldi á þorski með þessari meðtalinni. Kaflinn um umhverfisþætti verður ekki hafður með eins og á undanförunum árum. Tekið var saman yfirlit yfir sjávarhitamælingar þorskeldisfyrirtækja á árunum 2002-2010 (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2012b). Jafnframt var gerð grein fyrir ágangi skarfa í þorskeldi og hvernig best sé að verjast honum (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2012b). Varðandi füngun eru eingöngu birt töluleg gögn. Öll gögn um füngun og flutning á þorski til áframeldis fram til loka ársins 2008 voru gefin út í sérstakri skýrslu á árinu 2009 (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2009b). Einnig hefur verið gefin út sérstök skýrsla um füngun á þorski í leiðigildru (Valdimar Ingi Gunnarsson o.fl. 2013b). Jafnframt hefur verið skrifuð sérstök grein um fôður

og fôðrun áframeldisþorsks, samantekt fyrir árin 2002-2009 (Valdimar Ingi Gunnarsson & Björn Björnsson 2011). Að þessu sinni er einnig sleppt kafla um slátrun og vinnslu.

## 2.0 FÖNGUN

### 2.1 Fangað magn

Á árinu 2012 voru aðeins fänguð um 280 tonn af þorski til áframeldis (mynd 2.1). Mest var fangað í botnvörpu (rækjuvörpu) um 220 tonn, um 45 tonn í gildrur og 15 tonn í dragnót. Síðustu tvö ár hafa engar krókaveiðar verið stundaðar fyrir áframeldi á þorski.




Mynd 2.1. Fangað magn af þorski til áframeldis í tonnum eftir veiðarfærum á árunum 2002-2012.

Figure. 2.1. Capture of cod for on-growing (in tons) according to fishing gear in 2002-2012.

### 2.2 Fjöldi báta og afli á bát

Fjöldi báta sem hafa stundað füngun hefur verið allt frá 8 upp í 27, en 8 bátar stunduðu füngun á árinu 2012 (mynd 2.2). Sex bátanna stunduðu botnvörpuveiðar, tveir dragnót og einn



Mynd 2.2. Fjöldi báta og meðalafli á bát af þeim sem stunduðu füngun á þorski árin 2003-2012.


Figure 2.2. Number of boats and average catch per boat for on-growing in the years 2003-2012.

gildruveiðar. Frá árinu 2006 hefur bátum sem stunda föngun á þorski fækkað úr 20 niður í 8 árið 2012. Á sama tíma hefur meðalafli á bát aukist úr 20 tonnum í rúm 60 tonn árið 2009 en lækkaði niður í um 35 tonn árið 2012 (mynd 2.2). Mestur afli var hjá Halldóri Sigurðssyni ÍS 14, 77 tonn í botnvörpu.

### 2.3 Föngunartími og svæði


Misjafnlega hefur gengið að fanga þorsk til áframeldis eftir landshlutum, en besti árangurinn hefur verið á Vestfjörðum (mynd 2.3). Árið 2003 voru um 35% af þorski fönguð til áframeldis á Vestfjörðum og árin 2008-2011 var hlutfallið komið upp í 90-95% en lækkar síðan niður í rúm 80% árið 2012. Föngun á þorski til áframeldis í öðrum landshlutum hefur lagst af nema á Austurlandi.

Á árinu 2012 var búið að fanga rúmlega 70% af aflanum fyrstu 6 mánuði ársins (mynd 2.4). Í maí og júní var fangað um 50% af þeim afla sem tekinn var í áframeldi á árinu 2012. Það er mismunandi eftir veiðarfærum hvenær fiskurinn er fangaður á árinu. Í botnvörpu var fiskurinn að stærstum hluta tekinn í maí og júní í Ísa-fjarðardjúpi. Afli í leiðigildru var að stærstum hluta tekinn í apríl og maí, allur á Austfjörðum.



Mynd 2.3. Fangað magn af þorski til áframeldis í tonnum eftir landshlutum og árum.

Figure 2.3. Capture of cod for on-growing (in tons) according to regions and years.



Mynd 2.4. Uppsöfnuð föngun á þorski til áframeldis á árinu 2012 og meðaltal árunna 2006-2012.

Figure 2.5. The accumulated captures of cod for on-growing according to months in 2012 and averages for the years 2006-2012.

## 3. Eldi

### 3.1 Þorskeldisstöðvar og tjón á búnaði

Á árinu 2012 var áframeldi á þorski stundað af 6 fyrirtækjum (tafla 3.1). Heildareldisrými var um 77.000 m<sup>3</sup>. Ekkert tjón átti sér stað á búnaði.

Tafla 3.1. Staðsetning og eldisrými þorskeldisstöðva sem hafa fengið úthlutað þorskeldiskvóta og voru í rekstri í lok ársins 2012.

Table 3.1. Locations of cod farms in Iceland allocated cod quota and their rearing volumes (m<sup>3</sup>) at the end of the year 2012.


Eldisstaðir	Rúm- metrar	Rekstraraðilar
Patreksfjörður	3.300	Einherji ehf.
Önundarfjörður	3.400	Fiskeldisstöð GJK
Skutulsfjörður	3.015	Glaður ehf.
Skutulsfjörður	27.280	Sjávareldi ehf.
Álftafjörður	27.800	Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
Stöðvarfjörður	12.000	Þorskeldi ehf.
Samtals	<b>76.795</b>	

### 3.2 Fóður og fóðrun

#### Fóður

Þorskur í áframeldi er aðallega fóðraður með frosnum uppsjávarfiski (mynd 3.1). Heildarfóðurnotkun á árinu 2012 var tæp 900 tonn. Mest var notað af makríl, 490 tonn eða um 55% af heildarfóðurnotkun. Notuð voru um 180 tonn af síld (20%), 150 tonn af loðnu (17%) og rúm 60 tonn af öðrum tegundum sem var aðallega

afbeita. Mest fôður var notað hjá HG 335 tonn, tæp 40% af heildarfôðurnotkun fyrirtækja með áframeldi á þorski.




Mynd 3.1. Fôðurnotkun þorskeldisfyrirtækja eftir fisktegundum árin 2002 til 2012.

Figure 3.1. Quantity of feed (capelin blue, herring red, pearlside yellow, mackerel green and other feed black) used for on-growing of wild cod in the years 2002 to 2012.

### Fóðurstuðull

Fóðurstuðull hjá fjórum þorskeldisfyrirtækjum var allt frá 3,7 upp í 5,3 yfir tímabilið 2002-2012 (mynd 3.2). Fóðurstuðullinn var lægstur hjá Þorskeldi og má það a.m.k. að hluta til skýra með styttri eldistíma og minni afföllum á fiski. Jafnframt er sjávarhiti lægri og jafnari á eldissvæði Þorskeldis á Austfjörðum en hjá hinum fyrirtækjunum á Vestfjörðum.



Mynd 3.2. Meðalfóðurstuðull hjá fjórum þorskeldisfyrirtækjum á tímabilinu 2002-2012. HG stendur fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvör hf. Sjávareldi var áður Álfsfell.

Figure 3.2. The average feed conversion factor for the years 2002-2012 in 4 cod farms.


## 3.3 Vöxtur

### Dagvöxtur

Dagvöxtur á ómerktum þorski sem tekinn var í eldi á árinu 2012 og lokið var við að slátra úr kvíum var að meðaltali um 0,35% eða svipað og undanfarin ár (mynd 3.3). Hér er um að ræða fisk sem var yfirleitt 1,5-2,0 kg í upphafi eldisins og miðað var við að hann væri að lágmarki í 130 daga í eldi. Útreikningur á dagvexti byggir á gögnum úr aðeins sex kvíum hjá Þorskeldi og HG. Þorskeldisfyrirtækin hafa verið að stytta eldisferlið og er nú mun minna um að fiskurinn sé hafður í meira en eitt ár í eldi. Frá 2008 hefur skort gögn til að reikna út dagvöxt hjá þorski á öðru ári í eldi.

### Þyngdaraukning þorsks

Allt frá árinu 2003 hefur þyngdaraukning á fiski verið reiknuð út fyrir hvern árgang. Þar sem árgöngum er blandað saman í allnokkru mæli hjá sumum eldisfyrirtækjum er ekki hægt að þessu sinni að reikna út meðalþyngdaraukningu fisks fyrir árgang 2011.



Mynd 3.3. Meðaldagvöxtur hjá áframeldisþorski á fyrsta og öðru ári í eldi árin 2003-2012.

Figure 3.3. The average daily growth rates of wild farmed cod in the first and second year in culture in 2003-2012.

## 3.4 Afföll, slysasleppingar og sjúkdómar

### Afföll í kvíum

Hjá mörgum þorskeldisfyrirtækjum er ekki haldið nægilega vel utan um talningu fiska sem fara í eldiskví og/eða upp úr eldiskví. Á undanförunum árum hafa talningar ekki verið nægilega nákvæmar en nú er ónákvæmni almennt það mikil að ekki er talið að niðurstöður gefi raun-



hæfa mynd af afföllum á þorski hjá flestum fyrirtækjanna.

### Fisksjúkdómar

Ekki varð vart við sjúkdóma á árinu 2012. Hjá Einherja hafði orðið vart við sjúkdóma undanfarin ár en betra heilbrigði má hugsanlega skýra með því að minni þéttleiki var á fiskinum og hann var allur á öðru ári í eldi. Mestu afföllin á áframeldisþorski vegna sjúkdóma undanfarin ár hefur verið fyrsta árið í eldi.

### Slysasleppingar


Engar slysasleppingar áttu sér stað á árinu 2012 en síðast slapp áframeldisfiskur úr sjókvíum árið 2011 og þar áður árið 2008.

## 4. REKSTUR OG MARKAÐSSETNING

### 4.1 Framleiðslutölur

#### Slátrað magn

Á árinu 2012 var slátrað um 590 tonnum af þorski úr áframeldi fyrirtækja sem höfðu fengið úthlutað þorskeldiskvóta. Þetta er svipað magn og á árinu 2011 (mynd 4.1). Á árinu 2012 var mest slátrað af áframeldisþorski á Vestfjörðum eða um 85% af heildarmagni. Mest var slátrað um 215 tonnum hjá HG og um 205 tonnum hjá Sjávareldi.




Mynd 4.1. Slátrun á þorski úr áframeldi á árunum 2002-2012 eftir landshlutum.

Figure 4.1. Slaughtered weight in tons of wild farmed cod in the years 2002-2012 according to regions in Iceland.

#### Birgðir

Í lok ársins 2012 voru birgðir aðeins tæp 200 tonn og hafa aldrei verið minni frá árinu 2003 (mynd 4.2). Í lok ársins 2012 áttu sex fyrirtæki, sem höfðu fengið úthlutað þorskeldiskvóta, birgðir af áframeldisþorski í sjókvíum. Mestu birgðirnar voru hjá Sjávareldi um 75 tonn.



Mynd 4.2. Birgðir af áframeldisþorski í lok hvers árs fyrir árin 2002-2012 eftir landshlutum.

Figure 4.2. Live weight in tons of wild farmed cod at the end of the year in 2002-2012 according to regions in Iceland.


Birgðir í lok ársins 2011 voru lækkaðar um tæp 60 tonn vegna ofáætlunar hjá Sjávareldi og Einherja.

#### Framleiðsla

Gerður er greinarmunur á slátruðu magni og framleiðslu. Með framleiðslu er átt við lífþungaaukningu í eldinu og er eftirfarandi formúla notuð við útreikninga:

$$\text{Framleiðsla m.v. óslægt} = \text{Slátrað magn} + (\text{Birgðastaða í lok árs} - \text{Birgðastaða í upphafi árs}) - \text{Þyngd á nýjum fiski sem tekinn er í eldið.}$$

Á árinu 2012 var framleiðsla fyrirtækja sem fengu úthlutað aflaheimildum til áframeldis á þorski um 200 tonn (mynd 4.3). Mest var framleiðslan um 80 tonn hjá HG. Á árunum 2008-2012 hefur framleiðslan verið undir 300 tonnum en á árunum 2004-2007 nam hún um 500-600 tonnum á ári.




Mynd 4.3. Framleiðsla þorskeldisfyrirtækja eftir landshlutum árin 2002-2012.

Figure 4.3. Production in tons of wild farmed cod in the years 2002-2012 according to regions in Iceland.

## 4.2 Líffræðilegar lykiltölur

### Líffungaaukning í eldinu

Til að nýta sem best úthlutaðan þorskeldiskvóta er mikilvægt að tryggja sem mesta líffungaaukningu í eldinu. Árgangar 2002-2003 náðu ekki að tvöfalda þyngd sína en síðan hefur náðst betri árangur í eldinu og fyrir árgang 2006 náði kvótinn að 2,5 falda sig. Á árunum 2008-2010 var margföldunarstuðullinn aftur á móti 1,35-1,50 sem má einkum rekja til mikilla affalla á fiski og að fiskurinn var styttri tíma í eldi (mynd 4.4). Nokkur viðsnúningur varð árið 2011 en þá var margföldunarstuðullinn kominn upp í 1,7. Hverjum árgangi er slátrað yfir lengra tímabil og eru því eftir birgðir af lifandi áframeldisþorski fyrir árgang 2012. Margföldunarstuðull kann því hugsanlega að hækka eitthvað fyrir árgang 2012. Jafnframt skal hafa í huga að í sumum tilvikum er árgöngum blandað saman og er þá áætlað hlutfall einstakra árganga í slátrun. Það getur haft áhrif á margföldunarstuðull einstakra árganga. Fyrir tímabilið 2002-2012 er margföldunarstuðull að meðaltali 1,68.




Mynd 4.4. Margföldun á fönnguðum kvóta eftir árgöngum allra þorskeldisfyrirtækja sem hafa fengið úthlutað aflaheimildum til áframeldis árin 2002-2012.

Figure 4.4. Multiplication in biomass of wild farmed cod according to year-classes in 2002-2012 for all cod farms allocated cod quota.

### Fóðurstuðull

Frá árinu 2003 lækkaði fóðurstuðullinn úr 4,9 niður í 3,8 á árinu 2007 (mynd 4.5). Ástæða lækkunar á fóðurstuðli var einkum talin vera vegna minni kynþroska, minni affalla á fiski og minni yfirfóðrunar. Á árunum 2008-2010 var fóðurstuðullinn yfir 6 öll árin og fór upp í 8,1 árið 2010. Jákvæður viðsnúningur hefur verið tvö síðustu árin og fór hann niður í

4,4 árið 2012. Að meðaltali var fóðurstuðullinn 5,1 fyrir árin 2003-2012.




Mynd 4.5. Fóðurstuðull allra þorskeldisfyrirtækja sem hafa fengið úthlutað þorskeldiskvóta fyrir árin 2003-2012.

Figure 4.5. Average feed conversion factor for all cod farms allocated cod quota in the years 2003-2012.

## 4.3 Rekstrarkostnaður

### Kostnaður við föngun

Á árunum 2003 til 2012 var meðalkostnaður við föngun hjá fyrirtækjum sem fengu úthlutað þorskeldiskvóta frá 153 til 193 kr/kg og er þá miðað við verðlag ársins 2012 (mynd 4.6). Á árinu 2012 nam föngunarkostnaður um 160 kr/kg. Hér er átt við allan kostnað þar til fiskurinn er kominn í eldiskví, þ.m.t. flutningskostnað. Vegið meðaltal árunum 2003-2011 var um 171 kr á hvert fangað kíló á verðlagi ársins 2012.




Mynd 4.6. Kostnaður við föngun á þorski til áframeldis á árunum 2003-2012 á verðlagi hvers árs og á verðlagi ársins 2012.

Figure 4.6. Total cost of capturing cod for on-growing (in ISK/kg) in the years 2003-2012 at current prices (dashed line) and prices of 2012 (solid line).

### Fóðurkostnaður

Á árinu 2012 var fóðurkostnaður 265 kr/kg og mikil lækkun frá árinu 2011 en þá var kostnaðurinn um 340 kr/kg (mynd 4.7). Hér er átt við allan kostnað, þ.e.a.s. kaup á fódri, flutning og geymslu. Megin skýring á lækkandi fóðurkostnaði er lækkun á fódurstuðli. Ef birgðir eru ofmetnar um áramótin 2012/2013 kann kostnaðurinn að hækka enn frekar. Vegið meðaltal árána 2003-2012 er um 285 kr á hvert framleitt kíló á verðlagi ársins 2012.



Mynd 4.7. Fóðurkostnaður á hvert framleitt kíló af áframeldisþorski hjá þorskeldisfyrirtækjum árin 2003-2012 á verðlagi hvers árs og á verðlagi ársins 2012.

Figure 4.7. Feed cost in production of wild farmed cod (in ISK/kg) in the years 2003-2012 at current prices (dashed line) and prices of 2012 (solid line).


### 4.4 Afurðaverð og markaðssetning

#### Stærð á óslægðum áframeldisþorski

Á undanförunum árum hefur meðalþyngd áframeldisþorsks sem tekinn hefur verið til slátrunar lækkað úr 5,0 kg árið 2004 í um 3,4 kg árin 2009-2011. Meðalþyngdin hækkaði síðan upp í 3,7 kg árið 2012 (mynd 4.8). Til samanburðar var meðalþyngd á villtum þorski úr hefðbundnum veiðum yfirleitt um 3,0 kg en hækkaði síðan upp í 3,7 kg árið 2012. Fyrstu árin var eldisþorskur mun stærri við slátrun en villtur þorskur en meðalþyngdin er nú svipuð samfara styttingu á eldistíma.

#### Verð á óslægðum áframeldisþorski

Verð á óslægðum áframeldisþorski á verðlagi ársins 2012 hækkaði úr 255 kr/kg árið 2005 upp í um 360-375 kr/kg árin 2008-2012 (mynd 4.9). Hærra verð var greitt fyrir áframeldisþorsk en villtan þorsk sem fór á innlandan markað. Þennan mun má að hluta skýra með því að áframeldisþorskur var stærri en villtur þorskur, en það á þó ekki við fyrir árin 2009-2012 þar sem þyngd fisksins var svipuð




Mynd 4.8. Slátrþyngd á áframeldisþorski á árunum 2004-2012 og meðalþyngd í afla á villtum þorski til samanburðar m.v. óslægðan fisk (Þorsteinn Sigurðsson & Árni Magnússon 2013).

Figure 4.8. The average weight of slaughtered wild farmed cod (dark grey line) in 2004-2012 and average weight of wild cod in the conventional cod fishery (light grey line) for the same period.

(mynd 4.8). Á árunum 2010-2012 var verð á áframeldisþorski 5-25% hærra en á villtum þorski. Að einhverju leyti er hægt að skýra hærra verð á áframeldisþorski að honum er slátrað þegar verð er hæst m.a. þegar skortur er á villtum þorski á mörkuðum.

#### Afurðir

Áframeldisþorskur sem hefur verið seldur beint til fiskverkenda hefur farið í flakavinnslu. Í þeim tilvikum sem fiskurinn var seldur á innlendum mörkuðum hefur hann að öllum líkindum farið að mestu eða öllu leyti til fiskverkenda sem sérhæfa sig í útflutningi á ferskum hnakkastykkjum og flökum.



Mynd 4.9. Verð á óslægðum áframeldisþorski til þorskeldisfyrirtækja og villtum þorski sem var seldur á innlendum ferskfishmörkuðum á verðlagi ársins 2012 (heimild fyrir villtan þorsk er frá Verðlagsstofu skiptaverðs).

Figure 4.9. Price of whole wild farmed cod (dark grey line) to cod farmers and price of wild cod from the conventional fishery (light grey line) sold to fresh fish markets in the years 2005-2012 at the prices of 2012.

## Heimildir

- Valdimar Ingi Gunnarsson 2007. Reynsla af sjókvíældi á Íslandi. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 136: 52 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson & Björn Björnsson 2011. Fóður og fýðrun áframeldisþorsks. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 157: 21-87.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Kristján Lilliendahl og Björn Björnsson 2012c. Skarfar og sjókvíældi. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 161: 65-79.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Erlendur Steinar Friðriksson, Jón Örn Pálsson, Karl Már Einarsson, Ketill Eliasson, Kristinn Hugason, Óttar Már Ingvason, Sindri Sigurðsson & Þórarinn Ólafsson 2003. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2002. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 100, 26 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli Gíslason, Halldór Þorsteinsson, Hjalti Karlsson, Hlynur Pétursson, Jón Örn Pálsson, Karl Már Einarsson, Ketill Eliasson, Runólfur Viðar Guðmundsson, Óttar Már Ingvason, Sindri Sigurðsson, Skjöldur Pálmason, Sverrir Haraldsson, Þórarinn Ólafsson & Þórbergur Torfason 2005. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2003. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 113: 58 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Davíð Kjartansson, Elís Hlynur Grétarsson, Guðmundur W. Stefánsson, Hjalti Karlsson, Hlynur Pétursson, Jón Örn Pálsson, Ketill Eliasson, Runólfur Guðmundsson, Óttar Már Ingvason, Sindri Sigurðsson, Sverrir Haraldsson & Þórarinn Ólafsson 2006. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2004. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 124: 72 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Hallgrímur Kjartansson, Hjalti Karlsson, Hlynur Pétursson, Jón Örn Pálsson, Ketill Eliasson, Runólfur Guðmundsson, Sindri Sigurðsson, Sævar Þór Ásgeirsson & Þórarinn Ólafsson 2007. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2005. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 132: 42 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Guðmundur W. Stefánsson, Hallgrímur Kjartansson, Hjalti Karlsson, Hlynur Pétursson, Jón Örn Pálsson, Ketill Eliasson, Ólafur Helgi Haraldsson, Runólfur Guðmundsson, Sindri Sigurðsson & Þórarinn Ólafsson 2008. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2006. Hafrannsóknastofnunin. *Fjölrit* 137: 41 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Hallgrímur Kjartansson, Jón Örn Pálsson, Ketill Eliasson, Ólafur Helgi Haraldsson, Sævar Þór Ásgeirsson, Sindri Sigurðsson & Þórarinn Ólafsson 2009a. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2007. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 144: 39 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson & Einar Hreinsson 2009b. Fýngun á þorski. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 148: 122 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Jóhanna S. Vilhjálmsdóttir & Ingimar Jóhannsson 2009c. Þorskeldiskvóti: Handbók um skýrslugerð aðila sem fá úthlutað aflaheimildum til áframeldis á þorski. Hafrannsóknastofnunin. 32 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur Helgi Haraldsson, Sverrir Haraldsson & Sævar Þór Ásgeirsson 2010. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2008. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 150: 1-35.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Hallgrímur Kjartansson, Ingólfur Sigfússon, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur Helgi Haraldsson, Sverrir Haraldsson & Þór Magnússon 2011. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2009. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 157: 5-20.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli J. Kristjánsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur Helgi Haraldsson, Sverrir Haraldsson og Þór Magnússon 2012a. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir fýngun og áframeldi þorsks á árinu 2010. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 161: 3-17.
- Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Héðinn Valdimarsson, Steingrímur Jónsson, Jón Örn Pálsson, Elís Hlynur Grétarsson, Hallgrímur Kjartansson, Kristján G. Jóakimsson, Ólafur H. Haraldsson, Óttar Már Ingvason, Sindri Sigurðsson, Sverrir Haraldsson, Sævar Ásgeirsson & Þórarinn Ólafsson

---

2012b. Sjávarhiti á eldissvæðum þorskeldisfyrirtækja. Þorskeldiskvótaverkefnið 2011. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 161: 19-63.

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Elís Hlynur Grétarsson, Gísli J. Kristjánsson, Hallgrímur Kjartansson, Ketill Eliasson, Kristján G. Jóakimsson og Ólafur Helgi Haraldsson 2013a. Þorskeldiskvóti: Yfirlit yfir föngun og áframeldi þorsks á árinu 2011. Hafrannsóknastofnunin. *Hafrannsóknir* 168: 3-16.

Valdimar Ingi Gunnarsson, Björn Björnsson, Haraldur Einarsson, Elís Hlynur Grétarsson, Ingólfur Sigfússon, Jón Örn Pálsson, Óttar Már Ingvason, Runólfur Guðmundsson, Sindri Sigurðsson, Sverrir Haraldsson og Þórarinn Ólafsson 2013b. Föngun á þorski í leiðigildru. Hafrannsóknastofnun. *Hafrannsóknir* 168: 17-42.

Þorsteinn Sigurðsson & Árni Magnússon (ritst.) 2013. Nytjastofnar sjávar 2012/2013. Aflahorfur fiskveiðiárið 2013/2014. *Hafrannsóknir* 169. 190 bls.

---



# Hafrannsóknir – var Fjölrít

## Marine Research in Iceland

**Pessi listi ásamt öllum texta fjölrítanna er aðgengilegur á netinu:**  
*This list with full text of all the reports is available on the Internet:*

<http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjoler.htm>

1. **Kjartan Thors, Þórdís Ólafsdóttir:** Skýrsla um leit að byggingarefnum í sjó við Austfirði sumarið 1975. Reykjavík 1975. 62 s. (Ófáanlegt - Out of print).
2. **Kjartan Thors:** Skýrsla um rannsóknir hafsbotnsins í sunnanverðum Faxaflóa sumarið 1975. Reykjavík 1977. 24 s.
3. **Karl Gunnarsson, Konráð Þórisson:** Áhrif skolpmengunar á fjöruþörungum í nágrenni Reykjavíkur. Reykjavík 1977. 19 s. (Ófáanlegt - Out of print).
4. **Einar Jónsson:** Meingunarrannsóknir í Skerjafirði. Áhrif frárennslis á botndýralíf. Reykjavík 1976. 26 s. (Ófáanlegt - Out of print).
5. **Karl Gunnarsson, Konráð Þórisson:** Stórpari á Breiðafirði. Reykjavík 1979. 53 s.
